


SPRETTUR



HVAÐ ER SPRETTUR?

Markmið Sprettis

Snemmtæk íhlutun

Meginmarkmið Sprettis er að grípa fljótt inn í vanda barna með viðeigandi stuðningi og úrræðum í nærumhverfinu.

Sprettur vinnur með foreldrum leik- og grunnskólabarna í Fjarðabyggð og styður þá í foreldrahlutverki sínu.

Spretti er ætlað að vinna með vanda barns þegar hann er að koma fram. Þannig er hægt að koma í veg fyrir að vandinn ágerist. Sé þörf á frekari aðstoð hefur Sprettur milligöngu um að vísa málefnum barns í viðeigandi þjónustukerfi.

Hverjir eru Sprettur?

Allir þeir sem geta aðstoðað

Sprettur er teymi foreldra og fagfólks sem vinnur saman að því að bæta líðan og aðstæður barns. Fagfólkið kemur m.a. frá skólum sveitarfélagsins, fjölskyldusviði Fjarðabyggðar, Heilbrigðisstofnun Austurlands og Skólaskrifstofu Austurlands.

Í raun eru engin takmörk á því hverjir aðrir geta komið að vinnu teymisins, en það fer allt eftir hverju tilviki fyrir sig.

Hvaða mál?

Vandi sem er að koma fram

Áhersla er lögð á að vinna með fjölskyldum fyrst þegar vandi er að koma fram. Ef vandinn er orðinn alvarlegur og hefur varið til staðar til langs tíma eru líkur á að málið eigi síður erindi við Sprett. Þá er vakin athygli á að vissar aðstæður barns ber alltaf að tilkynna til barnaverndar.

Spretti er ekki ætlað að koma í stað þeirra úrræði sem þegar eru í boði. Séu málefni barna þegar í vinnu, hvort sem er t.d. hjá skólaskrifstofunni, í heilbrigðiskerfinu eða í barnavernd, heldur sú vinna áfram. Vinna í öðrum kerfum útilokar eftir sem áður ekki að hægt er að leita aðstoðar hjá Spretti.

Komi fram áhyggjur af stöðu barns heima eða í skóla, er fyrsta skrefið að skóli og foreldrar eigi samtal um hvað skuli gert. Oftast geta heimili og skóli unnið saman að lausn vandans án aðkomu annarra. Ef þörf er á getur skóli, með samþykki foreldra, leitað aðstoðar Sprettis.

Þegar tilvísun í Sprett hefur verið samþykkt er stofnað teymi þar sem foreldrar og fagfólk vinna saman á jafningjagrundvelli.

Teymið setur sér markmið, finnur leiðir til að ná markmiðinu og deilir verkefnum á milli þátttakenda teymisins. Teymisfundir eru stuttir og hnitmiðaðir þar sem er gert stöðumat og teknar ákvarðanir um framhald teymisvinnunnar.

Foreldrar skuldbinda sig til að taka þátt í þeirri vinnu sem fram fer í teyminu. Virk þátttaka foreldra er ein grunnforsenda þess að árangur náist.

Áhersla er lögð á að vinna fagaðila fari fram í nærumhverfi barnsins, t.d. á heimili barnsins eða í skóla.

Spretti er ætlað að vara í skamman tíma, t.d. 2 mánuði, þar sem megináherslan er á leiðbeiningar og stuðning. Dugi sá stuðningur ekki, getur Sprettur haft milligöngu um að koma málefnum barns í annað þjónustukerfi, t.d. til heilsugæslu eða í frekari greiningarvinnu.

Vinnan sem fram fer byggir á samstarfi foreldra og fagaðila. Með þessum hætti hafa foreldrar meiri áhrif á gang mála auk þess að vera mikilvægustu þátttakendurnir í teyminu.

Foreldrar fá aðgang að helstu fagaðilum á einum stað frekar en að þurfa að fara á milli stofnana í leit að viðeigandi aðstoð.

Þátttakendur í teyminu deila nauðsynlegum upplýsingum sín á milli þannig að allir eru vel upplýstir.

UNDIRBÚNINGUR FORELDRA FYRIR SPRETT

Til umhugsunar

Hvað hef ég til málanna að leggja?

- Í hverju felst vandinn? Sést vandinn á heimilinu, í skólanum eða hvoru tveggja?
- Hvað gengur vel? Hvað gæti gengið betur?
- Er eitthvað á heimilinu sem ýtir undir vanda barnsins eða vanlíðan?
- Hvenær líður barninu vel? En illa?
- Hvað get ég gert til að aðstoða við lausn vandans?

Mitt hlutverk

Til hvers er ætlast af mér í Spretti?

- Foreldrar eru helstu sérfræðingar í sínum börnum og því er mikilvægt að þeir séu virkir þátttakendur í teymisvinnunni.
- Foreldrar þurfa að vera tilbúnir að taka við leiðbeiningum og stuðningi. Þeir þurfa jafnframt að vera tilbúnir til að fylgja eftir þeim verkefnum sem þeim eru falin af teyminu.
- Foreldrar eru mikilvægasta heimildin um árangur vinnunnar. Þeir þurfa því að geta veitt upplýsingar um aðstæður barns, bæði í upphafi vinnunnar og ekki síður á meðan vinnan er í gangi.